

7. gr.

17

Gjaldskrá þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 36 frá 1931, og gildir til 31. des. 1951, birtist til leiðbeiningar öllum, sem hlut eiga að máli. 16. febr.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. febrúar 1942.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## AUGLÝSING

18

20. febr.

um viðauka við hafnarreglugerð fyrir Skagastrandarkauptún,  
nr. 77 1. ágúst 1936.

Á eftir 27. gr. hafnarreglugerðarinnar komi bráðabirgðaákvæði, svo hljóðandi:

**Bráðabirgðaákvæði.**

Öll gjöld samkvæmt ákvæðum 16. gr. hafnarreglugerðarinnar skulu frá og með 1. marz 1942 innheimtast með 50% hækkun.

Reglugerðarviðauki þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 21 14. júní 1929 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. febrúar 1942.*

F. h. r.

**Vigfús Einarsson.**

*Páll Pálmason.*

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir Þrastasjóð, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 21. febrúar 1942. 19  
21. febr.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Þrastasjóð.

1. gr.

Sjóðurinn nefnist Þrastasjóður.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af okkur undirrituðum hjónum, organista Friðriki Bjarnasyni og eiginkonu hans, Guðlaugu Pétursdóttur, til heimilis á Hverfisgötu nr. 52 í Hafnarfirði, með 1000 — eitt þúsund — króna gjöf okkar til handa karla- kórnum Þrestir í Hafnarfirði, samkvæmt gjafabréfi, dags. 9. þ. m., með þeim skil- yrðum, er hér á eftir greinir: